

## Úrskurður nr. 10/2002.

- Tollverð

**Kærður er úrskurður tollstjóra um tollverð á Opel Frontera 2.8 TDI bifreið árgerð 1998. Kærandi krefst þess að reikningsverð verði lagt til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.**

Tollalög nr. 55/1987 8. gr., 10. gr., 14. gr. 97.gr. 101.gr. og 108. gr. Reglugerð nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun 20. - 21. gr. Reglugerð. nr. 61/1989 um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda 5. gr. Rgl. 160/1990

Með bréfi, dags. 30. september 2002, er barst nefndinni þann 8. október s.á. kærir L. fyrir hönd M., úrskurð tollstjóra sem uppkveðinn var þann 9. ágúst s.l. Í hinum kærða úrskurði hafnar tollstjóri uppgefnu viðskiptaverði á bifreið af gerðinni Opel Frontera 2.8 TDI árgerð 1998, að upphæð DEM 7.600 (gengi DEM 40.8069) og ákvarðar tollverð ISK 785.315,00. Kærandi krefst þess að úrskurði tollstjóra verði hnekktt og aðflutningsgjöld umræddrar bifreiðar verði ákvörðuð á grundvelli kaupverðsins sem var DEM 10.700. Þá er þess krafist að virðisaukaskattur verði reiknaður að nýju út frá verði bifreiðar skv. framansögðu enn fremur að dráttarvextir verði ekki reiknaðir á kröfuna fyrr en frá 10. maí 2002, en þá er fyrsta bréf tollyfirvalda til kæranda dagsett.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að bifreiðin sem deilt er um tollverð á sé af gerðinni Opel Frontera og hafi komið til landsins með sendingu nr. Y. Hún hafi við komuna til landsins fengið heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings í einn mánuð eða til 25. desember árið 2000. Samkvæmt reglugerð um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla nr. 160/1990, með síðari breytingum, sé heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings háð því skilyrði að innflytjandi skuldbindi sig til þess að loknum leyfistíma að annað hvort endurútflytja ökutækið eða greiða af því lögboðin aðflutningsgjöld og undirritaði innflytjandi yfirlýsingu þess efnis dags. 23. nóvember árið 2000.

Þá segir að eftir að leyfistíma hafi lokið þann 25. desember árið 2000, hafi bifreiðin hvorki verið endurútflytt né greidd af henni aðflutningsgjöld. Tollstjóri skoraði á innflytjanda með bréfi, dags. 10. maí s.l., að framvísa gögnum um endurútflytning ökutækisins eða veita upplýsingar um afdrif þess, annars yrði að áætla aðflutningsgjöldin og krefja innflytjanda um greiðslu þeirra. Með símbréfi, dags. 24. maí s.l., lýsti innflytjandi því yfir að ökutækið væri enn til staðar á Íslandi.

Tollstjóri ritaði innflytjanda bréf, dags. 12. júní s.l., og gaf honum frest til 28. júní 2002, til þess að leggja fram aðflutningsskýrslu vegna innflutnings bifreiðar sinnar, en að öðrum kosti yrðu aðflutningsgjöld áætluð með heimild í 4. mgr. 97. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í bréfinu var jafnframt gerð grein fyrir því að við áætlun aðflutningsgjaldanna yrði byggt á V. kafla reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, sem er sérákvæði vegna innflutnings ökutækja og útreikningur tollverðs tilgreindur.

Innflytjandi lagði ekki fram aðflutningsskýrslu og með bréfi, dags. 8. júlí árið 2002, áætlaði tollstjóri aðflutningsgjöld vegna sendingarinnar. Í áætlun hans er tollverð bifreiðarinnar reiknað út skv. ákvæðum 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, og metið kr. 715.603. Aðflutningsgjöld vegna sendingarinnar sundurliðast þannig:

Vörugjald 45%	kr. 322.021
Virðisaukaskattur 24.5%	kr. 254.218
Dráttarvextir frá 25.12.2002	kr. 233.201
<hr/>	
Samtals	kr. 809.960

Ökutækið var flutt inn með heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings til 25. desember 2000, og reiknast dráttarvextir frá þeim tíma til greiðsludags. Þá segir í úrskurði tollstjóra að með símbréfi, dags. 10. júlí s.l., hafi innflytjandi lagt fram vörureikning frá Autohaus Strauz varðandi umrætt ökutæki, dags. 10. júlí árið 2000. Þar er kaupverðið tilgreint DEM 7.500 sem eru ISK 331.742 miðað við viðmiðunargengi í júlímánuði. Tollstjóri hafnaði vörureikningnum með bréfi, dags. 17. júlí s.l., þar sem söluverðmæti bifreiðarinnar er talið of lágt og krafa um greiðslu aðflutningsgjaldanna ásamt kostnaði ítrekuð.

Innflytjandinn telur aðflutningsgjöld of hátt áætluð og fer fram á að þau verði lækkuð umtalsvert. Í bréfi hennar kemur fram að hún og maðurinn hennar hafi upphaflega átt 9 ára gamla bifreið af gerðinni Mercedes Benz 260 E bifreið og 12 ára gamlan Golf Diesel. Þau hafi skipt á þessum tveimur bílum og á Opel Frontera bílnum, sem deilt er um tollverð á, og greitt DM 7.500 á milli. Skýring innflytjanda á hinu lága verði Opel bifreiðarinnar sé sú að hún hafi lent í umferðaróhappi og þá hafi þau notið sérkjara hjá bílasalanum þar sem hann sé góður vinur þeirra.

Að lokum segir í hinum kærða úrskurði að tollstjóri hafi heimild til þess að áætla aðflutningsgjöld sé aðflutningsskýrslu ekki skilað innan tiltekins frests, sbr. 4. mgr. 97. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, en aðflutningsskýrsla vegna umrædds innflutnings hafi aldrei verið lögð fram. Afrit af reikningi með kaupverði ökutækisins hafi ekki verið lagt fram fyrr en eftir áætlun aðflutningsgjaldanna. Tollstjóri telur framkomið kaupverð óeðlilega lágt og hefur hafnað því að leggja það til grundvallar við útreikning tollverðs þar sem það sé eingöngu helmingur af matsverði bifreiðarinnar. Fram hafi komið að hið lága verð skv. reikningi skýrist m.a. af því að eingöngu hluti kaupverðsins komi þar fram þar sem hluti greiðslunnar fólst í skiptum á tveimur notuðum bifreiðum kaupanda og Opel bifreiðinni. Með hliðsjón af því að framlagður reikningur skýrir ekki hið rétta viðskiptaverð bifreiðarinnar verði ekki byggt á honum við tollverðsákvörðun, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995, og ber við áætlun aðflutningsgjaldanna að ákveða tollverðið skv. ákvæðum 20. og 21. gr. sömu reglugerðar.

Með hliðsjón af ofanrituðu úrskurðaði tollstjóri skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að áætlun tollstjóra á aðflutningsgjöldum vegna sendingar nr. E GOD 23 11 0 DE HAM W101, dags. 8. júlí 2002 skuli standa óbreytt, samtals kr. 809.960.

Í kröfugerð umboðsmanns kæranda kemur fram að umbjóðandi hans sé þýskur ríkisborgari sem flutti til landsins frá Þýskalandi haustið 2000. Hún flutti með sér hingað Opel Frontera jeppa sem kom til landsins í nóvember árið 2000 og fékk við komuna til landsins heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings. Var undirrituð yfirlýsing þess efnis þann 23. nóvember 2000. Leyfistíma til notkunar bifreiðarinnar hér án greiðslu aðflutningsgjalda lauk þann 25. desember 2000.

Þá segir að vegna vanþekkingar á íslenskum tollareglum hafi innflytjandi ekki skilað innflutningsskýrslu þar sem hún vænti þess að fá gögn frá tollyfirvöldum og hún ekki krafín um upplýsingar um bifreiðina né um greiðslu aðflutningsgjalda. Það sé síðan þann 10. maí 2002, einu og hálfu ári eftir innflutning bílsins sem tollstjóri skorar á innflytjanda að upplýsa hvað hefði orðið um bílinn. Þessu erindi tollstjóra hafi innflytjandi svarað með símbréfi þann 24. maí og tjáð honum að bíllinn væri enn á Íslandi og í sinni eigu.

Það hafi svo verið þann 12. júní s.l. sem innflytjanda var veittur frestur til 28. júní s.l. til þess að leggja fram aðflutningsskýrslu. Aðflutningsskýrsla var ekki lögð fram og voru aðflutningsgjöld áætluð af tollstjóra. Þann 10. júlí lagði innflytjandi fram vörureikning frá Autohaus Strauz yfir kaupverð bílsins kr. DEM 7.500.- Tollstjóri hafnaði reikningnum sem óeðlilega lágum. Innflytjandi sendi tollstjóra svarbréf, dags. 22. júlí s.l., þar sem hann skýrði málið og kom þar fram að DEM 7.500.- voru milligjöf í peningum við kaupin á bílnum eftir að bílasalan hafði tekið við tveimur bílum, Mercedes Benz, sem var í eigu H. eiginmanns M., og Volkswagen Golf í hennar eigu, upp í andvirði Opelsins, en henni hafði láðst að geta þess í upphafi að andvirði bílanna hefði gengið upp í kaupverð Opelsins. Með úrskurði nr. 10/2002 var áætlun tollstjóra á aðflutningsgjöldum staðfest.

Kröfu sína um að úrskurði tollstjóra verði hnekkt byggir kærandi á því að mál þetta sé til komið vegna ókunnugleika innflytjanda á íslenskum tollareglum og að þau eru ekki mælt á íslenska tungu. Það er rétt sem fram kom í bréfi kæranda til tollstjóra þann 22. júlí s.l. að þau hjón seldu tvo bíla upp í hluta andvirðis Opel Frontera bifreiðarinnar. Þau seldu bílasölnunni Hurnil Mercedes Benz 260 E árgerð 1986 fyrir DEM 2.600.- og VW Golf II Diesel árg. 1987 fyrir DEM 600. Því er raunvirði Opel Frontera bifreiðarinnar ekki DEM 7.500.- heldur DEM 7.500.-+ 2.600.-+ 600 eða samtals DEM 10.700.- eins og kemur fram í bréfi hennar frá 22. júlí s.l. Þar sem Opelinn er tjónabíll eins og fram kom í bréfi innflytjanda til tollstjóra og sést á kaupsamningi var verð hans undir gangverði slíkra bíla, þannig að heildarverð DEM 10.700.- er raunhæft verð.

Að lokum segir í kærinni að ókunnugleiki innflytjanda á íslenskum tollareglum sé fyrst og fremst ástæða fyrir því hve langur tími leið frá því að bíllinn var fluttur inn, eða frá nóvember 2000 þar til málið var tekið upp 10. maí s.l. vor, varð til þess að málið fór í þennan farveg. Vegna þess að á annað ár líður frá því tollstjóri sendir bréf til innflytjanda fram í maí 2002 þegar næst heyrir af málinu, er þess farið á leit að ekki verði reiknaðir dráttarvextir á kröfuna fyrr en frá 10. maí 2002 til greiðsludags.

Ríkistollanefnd sendi tollstjóranum í Reykjavík afrit af kærðu kæranda til umsagnar. Í greinargerð hans til nefndarinnar er forsaga málsins rakin. Síðan segir að á eyðublaði E9(3), sé yfirlýsing um tímabundinn tollfrjálsan innflutning á farartæki, sem innflytjandi fyllti út og ritaði undir. Þar komi skýrt fram, *einnig á ensku*, að innflytjandi skuldbindi sig til að flytja ökutækið úr landi eða greiða af því tolla og önnur aðflutningsgjöld innan þess frests sem tilgreindur sé í notkunarleyfinu. Því hefði innflytjanda átt að vera alveg ljóst að flytja hefði þurft bifreiðina aftur út fyrir 25. desember 2000 eða borga af bifreiðinni tolla og önnur aðflutningsgjöld fyrir þennan sama tíma.

Tollstjóri hafnar því algjörlega að úrskurði hans verði hnekktt sökum vanþekkingar innflytjanda á íslenskum tollareglum og að innflytjandi sé ekki mæltur á íslenska tungu. Það sé viðurkennt sjónarmið í íslenski réttarframkvæmd að vanþekking á gildandi lögum eða reglum sé ekki afsökunarástæða.

Þá segir að embættinu hafi borist aðflutningsskýrsla þegar farið var fram á að hún yrði lögð fram og þar af leiðandi hafi embættinu verið fyllilega heimilt á grundvelli 3. mgr. 97. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að áætla aðflutningsgjöldin. Það hafi verið gert á grundvelli 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, með síðari breytingum.

Eftir áætlun embættisins sendi innflytjandi embættinu reikning fyrir bifreiðinni að upphæð DEM 7.500. Umreiknað í íslenskar krónur skv. viðmiðunargengi í júlí s.l., hljóðar reikningurinn upp á kr. 331.742. Í reglugerð nr. 374/1995 er kveðið á um að bera skuli saman verð bifreiðar við viðmiðunarverð í viðurkenndum handbókum í viðskiptalandinu. DAT Marktspiegel er viðurkennd handbók um verð notaðra bifreiða í Þýskalandi. Samkvæmt viðmiðunarverði DAT Marktspiegel kostar sambærileg bifreið ISK 676.941, umreiknað í íslenskar krónur skv. viðmiðunargengi í júlí s.l., Er þetta munur upp á ca. 51%. Enda þótt reikningsverði bifreiðar verði ekki hafnað við tollverðsákvörðun eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara fyrir kaupanda en almennt gerist í sambærilegum viðskiptum er engu að síður ljóst að þegar um frávík sem þessi er að ræða verða skýringar á því að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar. Skýringar innflytjanda á þessum mikla mun eru þær að um tjónabíl sé að ræða og að reikningur gefi ekki rétta mynd af viðskiptaverði þar sem tveir bílar hafi verið látnir ganga upp í kaupin. Þá hafi við innflutning ekki legið sönnun fyrir að um tjónabíl væri að ræða og þar af leiðandi hafi embættinu ekki verið veitt færi á að staðreyna slíkt. Ómögulegt er að staðfesta slíkt eftir á eðli málsins samkvæmt.

Samkvæmt þeim reikningum sem lagðir hafa verið fram, bæði yfir Opel bílinn sem hér um ræðir sem og reikningana yfir bílana tvo sem sagðir eru hafa gengið upp í kaupin og séu því hluti af kaupverði, er ekki hægt að sjá á þessum reikningum að um uppítöku hafi verið að ræða. Þá er einnig rétt að benda á það að dagsetning reiknings fyrir Opel bifreiðinni er 10.07.2000 en dagsetning reikninganna fyrir hinum bifreiðunum tveimur er 14.07.2000. Þá eru heldur ekki neinir stimplar á reikningunum fyrir svokölluðum uppítökubílum og í raun ekkert sem staðfestir hver kaupandi þeirra bifreiða sé, og þar af leiðandi engan veginn hægt að sjá að Autohaus Strauz sé að kaupa þá bíla af

innflytjanda. Engin sönnun liggur því fyrir í málinu þess efnis að umræddir bílar hafi verið teknir upp í Opel bílinn.

Í ljósi þess sem rakið hefur verið hér að framan og þess hve mikil frávik eru á reikningsverði hinnar innfluttu bifreiðar annars vegar og markaðsverði sambærilegra bifreiða hins vegar, miðað við uppgöfin verð hjá DAT Marktspiegel, er framlagður reikningur ekki trúverðugur að mati embættisins. Engar heimildir séu fyrir því í tollalögum eða öðrum lögum eða reglum að taka mið af aðskildum, ótengdum reikningum, sem lagðir hafa verið fram við skipti eða uppítöku bifreiða eins og krafist er í máli þessu. Innflytjanda ber að afhenda tollstjóra frumrit eða samrit vörureiknings yfir hina innfluttu vöru eða sendingu þegar afhendingar aðflutningsskýrslu er krafist samkvæmt 14. gr. tollalaga, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, með síðari breytingum. Þá kemur það fram í gögnum málsins að umrædd bifreið hafi verið mjög ódýr m.a. vegna þess að innflytjandi hafi haft sambönd hjá bílasalanum því þar hafi starfað góður vinur hans, sbr. bréf innflytjanda dags. 22. júlí 2002. Þessar upplýsingar gefa embættinu enn ríkari ástæður til að efast um raunverulegan trúverðugleika framlagðs reiknings.

Embættið hafnar því einnig alfarið að dráttarvextir verði ekki reiknaðir á kröfuna fyrr en frá 10. maí 2002, þ.e. frá þeim tíma þegar embættið sendir innflytjanda bréf. Eins og áður sagði kemur það skýrt fram á eyðublaði sem innflytjandi undirritaði að ganga eigi frá greiðslu tolla og annarra gjalda áður en heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings farartækis er liðinn. Er það algjörlega á ábyrgð innflytjanda að standa skil á gjöldum. Það að embætti tollstjóra sendi ekki bréf fyrr friar ekki viðkomandi ábyrgð þangað til krafa er gerð af hálfu embættisins. Þá má einnig benda á það að þegar innflytjanda var gert að skila inn aðflutningsskýrslu þá var það ekki gert. Dráttarvextir voru reiknaðir frá eindaga, þ.e. frá þeim degi sem heimild til tímabundins innflutnings féll niður, skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum. Í 10. gr. sömu reglugerðar segir að dráttavexti skuli reikna af aðflutningsgjöldum frá og með eindaga fram að greiðsludegi séu þau ekki greidd á eindaga.

Með vísan til ofanritaðs krefst tollstjóri þess að hinn kærði úrskurður, dags. 9. ágúst 2002, verði staðfestur.

Ríkistollanefnd sendi kröfugerð tollstjóra til umsagnar kæranda. Í svari hans sem sent var nefndinni eru ítrekaðar fyrri kröfur og þess krafist að kaupverð bifreiðarinnar verði lagt til grundvallar útreikningi tollverðs. Þá fylgja tveir reikningar frá Autohaus StrauB GmbH & Co/ Hurnik, um kaup á notuðum bílum dags. 14. júlí 2000. Enn fremur segir að bílasalan Hunrik sé í samstarfi við Autohaus StrauB og hafi tekið við bílunum tveimur frá kæranda. Reikningarnir sem fylgja eru vegna umræddra Mercedes Benz og Volkswagen Golf bifreiða en söluverð þeirra gekk upp í kaupverð (viðgerðarkostnað) Opel Frontera bílsins sem mál þetta snýst um. Samkvæmt reikningunum nam söluverð þeirra DEM 600 og DEM 2.600 eða samtals DEM 3.200 sem að sögn kæranda gekk upp í heildarkaupverð Opel Frontera bílsins, en auk þess greiddi kærandi DEM 7.500 í peningum við kaupin, þannig að alls voru greidd

fyrir bílinn DEM 10.700. Samningar voru frágengnir fyrirfram um upptöku bílanna tveggja og verð þeirra. Þar sem um það var samið að Autohaus StrauB tæki Opel Frontera bílinn til viðgerðar við kaupin, lét kærandi hina bílana ekki af hendi fyrr en fjórum dögum síðar. Á kaupunótu Opelsins var aðeins færð peningagreiðslan eða "milligjöfin" DEM 7.500, en DEM 3.200, andvirði Benzins og Golfsins, voru greiðsla fyrir viðgerðina á bílnum, umsamin fyrirfram. Af þessari ástæðu var einungis færð DEM 7.500 á upphaflegan reikning Autohaus StrauB. Þess er enn krafist að kaupverðið DEM 10.700 verði lagt til grundvallar tollverðsútreikningi. Með tilliti til þess að um tjónabíl er að ræða og að kærandi naut bestu kjara hjá Autohaus StrauB vegna kunningsskapar við eiganda bílasöluvarnunar, er söluverðið DEM 10.700 á viðgerðum tjónabíl eðlilegt að mati kæranda.

Þá er þess getið að kærandi fékk þær upplýsingar hjá starfsmanni tollstjóra við innflutning bílsins að yfirvöld myndu hafa samband við þau/hann varðandi áframhald. Jafnframt fékk kærandi þær munnlegu upplýsingar að ef hann ætti bílinn í meira en ár eftir flutning hingað þyrfti engan toll að greiða. Þess vegna aðhafðist kærandi ekkert frekar í málinu, þótt nú hafi honum orðið ljóst að þessar upplýsingar voru ekki réttar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem hafa verið lögð fram. Í máli þessu er deilt um tollverð á Opel Frontera 2.8 TDI bifreið sem flutt var inn notuð frá Þýskalandi. Reikningur sem innflytjandi framvísaði við tollyfirvöld hljóðaði upp á DEM 7.500. Þegar tollyfirvöld höfnuðu reikningnum sem allt of lágum kom innflytjandi með þær skýringar að í raun hafi hann greitt meira en fram komi á nefndum reikningi þar sem hann hafi sett tvær bifreiðar upp í kaupin þ.e. Mercedes Benz og Volkswagen Golf að verðgildi samtals DEM 3.200 sem gengu upp í heildarkaupverð Opel Frontera bílsins, þannig að alls voru greidd fyrir bifreiðina DEM 10.700.-. Tollstjóri hafnar þessu verði og kveður það allt of lágt eða sem nemur rúmlega 50% af verði sem bifreiðar sömu gerðar eru seldar á í Þýskalandi samkvæmt DAT Marktspiegel. Tollstjóri hafnar fram komnum vörureikningi og ákvarðar verð skv. 21. gr. reglugerðar 374/1995.

Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaganna ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í IV. kafla reglugerðarinnar er á hinn bóginn mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seld er eða flutt inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. og 14. gr. reglugerðarinnar. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10. - 14. gr. skal það ákvarðað "með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli upplýsinga hér á landi", sbr. nánar 15. gr. reglugerðarinnar.

Í V. kafla reglugerðarinnar er að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Þar segir m.a. í 20. gr. að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr., skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá tollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt henni skal við útreikning tollverðs í þessum tilvikum fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins skv. bifreiðaskrá tollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda, sem skal áætluð 12% vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra, sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þegar líklegt FOB-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. framanskráðu skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis á nánar tilgreindan hátt. Það kemur fram í hinum kærða úrskurði að tollstjóri byggði ákvörðun sína á því, að skýringar kæranda á því hvers vegna viðskiptaverð bifreiðarinnar væri mun lægra en markaðsverð sambærilegra bifreiða í innkaupslandinu, væru ekki fullnægjandi. Hann ákvað því að beita 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun. Í gögnum málsins liggur jafnframt fyrir að hann hafi ekki talið sér fært að beita samanburðarreglum 10. til 14. gr. reglugerðarinnar við tollverðsákvörðunina.

Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995 ber tollstjóra að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum, sem helst má vænta innflutnings frá. Í samræmi við þetta ákvæði hefur tollstjórinn í Reykjavík lagt tollstjórum til ritið *DAT Marktspiegel*, sem er gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Stuttgart og notað um allt Þýskaland, sem grundvallarrit um verð notaðra bifreiða þar í landi. Upplýsingar þær, sem þar er að finna, hafa ekki verið vefengdar af kæranda. Fyrir liggur að reikningsverð Opel Frontera bifreiðarinnar er umtalsvert lægra en markaðsverð á bifreiðum sömu gerðar samkvæmt upplýsingum úr ritinu *DAT Marktspiegel*. Munurinn er rúmur helmingur eða 50%. Enda þótt reikningsverði verði ekki hafnað við tollverðsákvörðun eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara fyrir kaupanda en almennt gerist í sambærilegum viðskiptum, er engu að síður ljóst að ef frávik í þessu efni eru mjög umtalsverð, verða skýringar á því að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar.

Að mati ríkistollanefndar geta skýringar kæranda ekki skýrt þann mikla verðmun sem að framan er rakinn. Bifreiðin sem hér er deilt um tollverð á er sögð tjonabifreið og þar sé að finna skýringu á hinu lága verði hennar. Enn fremur að kunningsskapur kæranda við bifreiðasölumann er seldi henni bifreiðina hafi leitt til svo hagstæðs verðs. Þessar fullyrðingar kæranda eru ekki studdar neinum gögnum. Við innflutning á bifreiðinni kom ekkert fram um að hún væri tjonuð, og því ekki hægt að staðreyna slíkt nú. Í því sambandi skiptir ekki máli þó fram komi í kaupsamningi sem framvísað var löngu eftir innflutning bifreiðarinnar að um tjonabifreið hafi verið að ræða sem engin ábyrgð sé tekin á. Það kemur enda fram í svari umboðsmanns kæranda, dags. 20. nóvember 2002, við greinargerð tollstjóra, dags. 28. október s.á., að gert hafi verið við bifreiðina af hálfu seljanda og kaupandi greitt fyrir með uppítöku bifreiðunum. Samkvæmt þessu verður að líta svo á að Opel Frontera

bifreiðin hafi verið viðgerð og í lagi við innflutning og ber að verðmeta hana samkvæmt því. Verð á Opel Frontera samkvæmt DAT Marktspiegel er DEM 15.263 að frádregnum virðisaukaskatti og að teknu tilliti til skráningardags. Viðmiðunarverð á níu ára Benzbifreið er skv. DAT rúmlega 6.100 DEM. Ekki liggja fyrir neinar heimildir um verð á bifreið af sömu árgerð og Golfbifreiðin er vegna aldurs hennar, en uppgefið verð 600 DEM er mjög lágt. Til dæmis liggur fyrir viðmiðunarverð á Golfbifreið sem er þremur árum yngri sem er DEM 4.200. Með hliðsjón af ofanrituðu telur ríkistollanefnd að þau verð sem kærandi gefur upp sem kaupverð og söluverð þeirra bifreiða sem teknar voru upp í kaupin séu ótrúverðug.

Í ljósi þess hve mikil frávik eru á reikningsverði hinnar innfluttu bifreiðar annars vegar og markaðsverði sambærilegra bifreiða hins vegar, m.v. uppgefin verð í ritinu DAT Marktspiegel er framlagður reikningur ekki trúverðugur. Því er með vísan til ákvæða IV. og V. kafla rgl. nr. 374/1995 ekki hægt að fallast á kröfu kæranda að framlagður reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu hennar.

Hvað varðar kröfu kæranda um útreikning dráttarvaxta skal tekið fram að í 7. mgr. 99. gr. tollalaga kemur fram að þeir reiknast skv. vaxtalögum nr. 38/2001. Með vísan til 108. gr. tollalaga, sbr. 2. mgr. 5. gr. rgl. nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum er endurákvörðun tollstjóra um upphafstíma dráttarvaxta staðfest.

Með hliðsjón af ofanrituðu telja nefndarmenn rétt í þessu máli að ákvarða tollverð Opel Frontera 2.8 TDI bifreiðarinnar samkvæmt 20. - 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Með hliðsjón af framanrituðu úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður skuli standa óbreyttur.